

Samkomulag um afturför

FÖSTUDAGINN 12. september síðastliðinn skrifuðu fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og borgarstjóri undir samkomulag um:

1. Verulegan niðurskurð á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, með fækkun plássá á bráðamóttökudeild.

2. Flutning geðdeilda frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur í Fossvogi. Ráðherrarnir og borgarstjórinn ákváðu að geðdeildin skyldi staðsett á Grensásdeild.

3. Að göngudeild verði í Hvítabandi.

4. Að geðdeild Landspítala skyldi taka á sig aukið álag sem af þessum niðurskurði leiðir, án aukafjárveitinga.

Þjónusta við geðsjúka hefur þannig með einu pennastriki verið færð mörg ár aftur í tímann. Mikilvægt er að kjósendur þessara valdamiklu stjórnmalamanna fái upplýsingar um afleiðingar gerða þeirra.

Á hverju ári koma að jafnaði um 250 manns á slysadeild eftir sjálfsvígstílaunir. Ekki verður hægt að veita þeim eðlilega geðlæknisfræðilega aðstoð ef geðdeildin verður staðsett annars staðar.

Hátt í 1.000 manns á ári fá aðstoð geðlækna á slysadeild. Þessi þjónusta mun skerðast verulega. Margir sjúklingar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þurfa á aðstoð starfsmanna geðdeilda að



Pétur Hauksson

halda, en það verður erfitt að koma því við ef starfsmennirnir verða í mikilli fjarlægð. Um 3.000 komur eru á göngudeild á ári, en ekki er ljóst hvernig koma á þeirri starfsemi fyrir við Skólavörðustíg.

Mikill niðurskurður hefur átt sér stað á geðdeild Landspítala síðustu árin, með sumarlokunum og lækkun rekstrarkostnaðar.

Samt hefur starfsemi aukist, með fleiri inn-

lögnum og göngudeildarviðtölum. Þetta hefur leitt til ótímabærra útskrifta og sjúklingar hafa þurft að leggjast inn aftur. Mikil álag hefur verið á starfsfólki. Þrátt fyrir það er ætlast til að geðdeildin taki á sig auknar byrðar án þess að auka mannafla. Þetta mun leiða til þess að geðdeildir verða enn verr í stakk búnar til að sinna verkefni sínu, að lækna og lina þjáningar geðsjúkra.

Fordómar gegn geðsjúkum munu aukast þegar sjúkdómar þeirra eru ekki metnir til jafns við aðra sjúkdóma. Með því að flytja þá í burtu frá almennu sjúkrahúsunum er verið að láta í ljós það viðhorf að þeirra sjúkdómar séu annars eðlis. Hér er um mikla fordóma að ræða. Það kemur á óvart, ef rétt er, að þessar tillögur koma frá stjórnendum sjúkrahúsa. Ef um fagfólk er að ræða má

Gedhjálp skorar á fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og borgarstjóra, segir Pétur

Hauksson, að afturkalla samkomulagið frá 12. september.

draga alvarlegar ályktanir um menntunina af viðhorfum sem hér eru látin í ljós.

Samkomulag ráðherrana og borgarstjóra var kynnt sem jákvæður viðburður. Aðgerðirnar voru kynntar sem aukafjárveiting til sjúkrahúsa og eðlileg hagræðing sem fylgdi í kjölfarið. Enda höfðu einhverjir reiknað út að þetta setti að vera hægt. Aukafjárveitingin var hins vegar bara greiðsla upp í halla, og hagræðingin reyndist vera harkalegur niðurskurður. Þannig eru ákvarðanir sem eru óhugnanlegar fyrir geðsjúka kynntar sem gleðilegar fréttir. Pólitískar öflugmælavisur sem þessar eru fyrir neðan virðingu ofangreindra stjórnmalamanna, sérstaklega þegar þær hafa í för með sér mannlega þjáningu. Æðstu ráðamenn hljóta að geta ráðist á gardinn annars staðar en þar sem hann er lægstur.

Gedhjálp skorar á fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og borgarstjóra að afturkalla samkomulagið frá 12. september nú þegar afleiðingar þess eru ljósar.

Höfundur er formaður Gedhjálpar.